



Fundargerð 141. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 29. janúar 2019, kl. 9.30 á skrifstofu Kadeco, Skógarbraut 946 Ásbrú, 262 Reykjanesbæ.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Halldóra Hreggviðsdóttir frá Alta kom inn á fund undir lið 2. Ásta Lárusdóttir og Jón Ástráður Jónsson, Kadeco sátu einnig fundinn undir lið 2.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Alta – kynning á forsögn rammaskipulags.*

Stjórnarformaður bauð Halldóru Hreggviðsdóttur frá Alta velkomna á fund stjórnar ásamt því að bjóða starfsmenn Kadeco velkomna til að sitja kynninguna. Halldóra kynnti forsögn að rammaskipulagi sem Alta hefur unnið fyrir Kadeco og Reykjanesbæ.

Stjórn þakkaði Halldóru fyrir greinagóða kynningu og vel unna vinnu við forsögn rammaskipulags á Ásbrú.

3. *Aerotropolis. Kostnaðarmat verkefnis.*

Stjórnarformaður ræddi greiningarvinnu vegna kostnaðarmats Aerotropolis verkefnis.

Umræður.

Stjórn ákvað vinnufund í vikunni til að halda áfram frekari greiningarvinnu.

4. *Forleiguréttur Ásbrúar ehf.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að Ásbrú ehf. hafði ekki nýtt sér forleigurétt fjögurra lóða á Ásbrú sem það hafði til 20. desember sl. Félagið hafði hins vegar í kjölfarið óskað eftir lóð til leigu við Suðurbraut 765.

Stjórn hafnaði erindinu og fól framkvæmdastjóra að ræða við Ásbrú ehf.

5. *Umsókn um lóð að Bogatröð 9.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umsókn frá Öldu fasteignafélagi ehf. um lóð að Bogatröð 9.

Stjórn samþykkti úthlutun lóðarinnar til Öldu fasteignafélags ehf. og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

6. *Umsókn um lóð að Funatröð 7.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umsókn frá Höldur ehf. um lóð að Funatröð 7. Stjórn samþykkti úthlutun lóðarinnar til Haldar ehf. og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

7. *Önnur mál.*

a. *Valhallarbraut 891 – sala.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um sölu síðustu eignar ríkisins á Ásbrú sem er í umsýslu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. Stjórn lýsti ánægju sinni með áfangann.

Ekki fleiri erindi voru til umfjöllunar undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.20.

*Katrín E. Kristjánsson*  
*Stjórnarforseti*  
*Habakuk S. Árnason*